

Eyþing - áhersluverkefni 2019

Verkefni	Vinnsla á stórþara
Markmið	<p>Að smíða frumgerð af þaraskurðarvél til notkunar um borð í skipi. Vélin er eitt meginskilyrða fyrir því að hægt verði að byggja upp sérhæfða þaravinnslu í landi sem framleiðir efni í lyf, matvæli og heilsuvörur.</p> <p>Styrkurinn verður notaður til að kaupa nauðsynlega vélahluti, sérhæfð verkfæri og efni til byggingar vélarinnar.</p>
Stutt verkefnislýsing	<p>Þaraskurðarvélin þarf að skera þaraplöntuna og aðskilja einstaka hluta hennar með skilvirkum hætti, bæði til að uppfylla kröfur um gæði hráefnis strax í upphafi og tilmæli Hafrannsóknarstofnunar um að þararótinni sé skilað strax aftur til sjávar til að lágmarka rask á lífríkinu. Einnig þarf slík vél að uppfylla strangar öryggiskröfur og að virka við erfiðar aðstæður á hafi úti. Engin sambærileg tækni er til í dag.</p>
Framkvæmdaaðili	<p>Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar kt. 551298-2729</p> <p>Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga kt. 451218-0420</p>
Samstarfsaðilar	<p>Krossi útgerðafélag ehf. Kt. 430502-4090</p> <p>Hafþór Jónsson kt. 221267-4279</p> <p>Snæbjörn Sigurðarson kt. 281274-6009</p> <p>Marine Biopolymers Ltd í Skotlandi.</p>
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	<p>Verkefnið er í samræmi við Framtíðarsýn atvinnu- og nýsköpunar sem snýr að því að Norðurland eystra byggi á sterkum grunnstoðum og að atvinnulíf einkennist af fjölbreytni. Einnig byggir það á meginmarkmiði 5.1- Auka og bæta nýtingu orkuauðlinda svæðisins – auka verðmætasköpun og sjálfbærni.</p>
Árangursmælikvarðar	<p>Virkni í landi.</p> <p>Virkni á sjó.</p> <p>Framleiðsla hafin.</p>
Lokaafurð	<p>Þaraskurðarvél sem virkar á hafi úti og skilar hráefni til þaravinnslu í landi.</p>
Tímarammi	Október-nóvember 2019
Áætlaður kostnaður	23,7 milljónir
Framlag úr sóknaráætlun 2019	Kr. 2.000.000,-